

LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

Fréttabréf - september 2004

Lífeyrissjóður verkfræðinga 50 ára

Á þessu ári eru liðin 50 ár frá því að lögð voru drög að stofnun Lífeyrissjóðs verkfræðinga og hafin var greiðsla iðgjalda til sjóðsins. Frá upphafi hefur sjóðurinn haft ákveðna sérstöðu meðal íslenskra lífeyrissjóða, m.a. er stjórn hans kosin af sjóðfélögum og lengst af var hann sá eini með aldurstengt réttindakerfi. Í tilefni af afmælinu mun sjóðurinn efna til fundar um lífeyrissjóðakerfið og gert verður átak í að kynna sjóðinn.

Hádegisfundur þriðjudaginn 5. október

Þriðjudaginn 5. október efnir Lífeyrissjóður verkfræðinga til hádegisfundar um efnið "**Er núverandi skipan íslenska lífeyrissjóðakerfisins ákjósanleg til frambúðar?**" Kunnir gestir með reynslu úr stjórnámálum, viðskiptalífi og af starfsemi lífeyrissjóða leiða umræður um fundarefnið. Þegar hafa staðfest þátttöku þeir Pétur Blöndal alþingismaður, Gunnar Páll Pálsson formaður VR og Þórólfur Árnason borgarstjóri, fyrrverandi formaður sjóðsins. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík og hefst kl. 12. Veitingar verða í boði lífeyrissjóðsins.

Skráning fer fram í síma 568 8504 eða með tölvupósti : postur@lifsverk.is

Lífeyrisyfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingardeildar (lögbundið 10% framlag) fyrir iðgjaldamánuðina janúar-ágúst 2004, svo og iðgjöld frá fyrri tímabilum sem borist hafa á sama tíma. Ekki þarf að vera óeðlilegt þótt 1-2 nýjustu mánuðina vanti inn á yfirlitið.

Yfirlit yfir iðgjöld til séreignardeildar verður sent innan skamms.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars eiga þeir á hættu að tapa réttindum (sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa).

Einnig má sjá þessar upplýsingar á Sjóðfélagavefnum á Netinu

Á vefsíðu lífeyrissjóðsins er veittur aðgangur að svonefndum sjóðfélagavef. Þar geta sjóðfélagar fengið aðgang að gagnagrunni lífeyriskerfis sjóðsins og fylgst með réttindum sínum, skilum launagreiðanda á iðgjöldum, lífeyrisgreiðslum o.þ.h. Þar er einnig að finna reiknivélar lífeyrisréttinda og sjóðfélagalána, en upplýsingar um stöðu og greiðslur af sjóðfélagalánum verða aðgengilegar síðar.

Sjóðfélagi sækir um aðgang að þessari þjónustu með rafrænum hætti á vefsíðunni. Sjóðurinn fer yfir umsóknina og staðfestir hana gagnvart tölvukerfinu. Sjóðfélaginn fær svo bréf sent (á skráð lögheimili) með notandaheiti og lykilorði.

Til að sækja um aðgang er farið inn á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is, og smellt á valkostinn "Réttindi" og síðan "Mín réttindi". Þar eru veittar nánari upplýsingar.

Einnig er unnt að fara beint inn á slóðina https://veita.strengur.is/L820/index.jsp?ib_page=4 og ýta á valkostinn "Nýskráning".

Aðalfundur og samþykktabreytingar

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga var haldinn fimmtudaginn 29. apríl á Grand Hótel Reykjavík. Þórir Guðmundsson var kjörinn í stjórn sjóðsins í stað Egils Skúla Ingibergssonar. Þá var Magnús Bjarnason endurkjörinn varamaður.

Á fundinum var samþykkt tillaga stjórnar um nýtt ákvæði í samþykktum í þá veru að aðalfundur ákvarði laun stjórnar fyrir komandi starfsár, en felld var tillaga stjórnarinnar um breytingu á ákvæði um inngönguskilyrði sjóðsins. Fundargögn frá aðalfundi lífeyrissjóðsins eru á vef sjóðsins: www.lifsverk.is

Stjórn sjóðsins kom saman til fundar strax að loknum aðalfundi og skipti með sér verkum. Sigurður Áss Grétarsson var kjörinn formaður stjórnar og Björn Z. Ásgrímsson varaformaður. Meðstjórnendur eru Guðbrandur Guðmundsson, Jónas Bjarnason og Þórir Guðmundsson.

Upphaf og sérstaða Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Í tilefni af 50 ára afmæli sjóðsins er vert að rifja upp hvernig honum var komið á laggirnar og hver sérstaða hans hefur verið:

Aðdragandi: Á félagsfundi í Verkfræðingafélagi Íslands (VFÍ) 12. febrúar 1954 var samþykkt að stofna Stéttarfélag verkfræðinga til að ná kjarasamningum við vinnuveitendur og að undirbúa stofnun lífeyrissjóð. Í september náðust kjarasamningar sem fólu m.a. í sér að vinnuveitendur myndu greiða framlag til slíks sjóðs.

Ákvörðun um stofnun: Á félagsfundi í VFÍ 28. september 1954 var samþykkt að stofna sjóðinn og kjörin var þriggja manna undirbúningsnefnd til að semja samþykktir og taka við framlögum til sjóðsins. Kjörnir voru þeir Rögnvaldur Þorláksson, Skúli Guðmundsson og Hinrik Guðmundsson sem áður höfðu starfað í undirbúningsnefnd sjóðsstofnunar á vegum VFÍ.

Samþykktir: Á 2. framhaldsaðalfundi VFÍ 29. mars 1955 voru samþykktir sjóðsins afgreiddar. Þá voru sjóðfélagar orðnir 54 talsins og eignir um 340 þús kr.

Staðfesting: Fjármálaráðuneytið staðfesti samþykktirnar 29. apríl 1955 og varð þar með heimilt að draga iðgjöldin frá tekjuskattsstofni.

Fyrsti aðalfundur, fyrsta stjórn: Undirbúningsstjórnin starfaði fram að fyrsta aðalfundi, 8. nóvember 1955. Í fyrstu stjórnina voru kjörnir fyrrnefndir þremmenningar og síðan tilnefndi VFÍ tvo fulltrúa, Pál Flygenring og Magnús Reyni Jónsson. Á fyrsta stjórnarfundum 22. desember 1955 var Rögnvaldur kjörinn formaður.

Sérstaða sjóðsins hefur einkum byggst á þremur þáttum:

Aldurstengd réttindakerfi: Samþykktir sjóðsins fólu í sér að ávinnsla lífeyrisréttinda var mismikil eftir aldri sjóðfélaga, sem var nýmæli hér á landi, byggt á fyrirmynd frá danska verkfræðingaskjóðnum. Meginkostirnir eru þeir að engin tilfærsla er milli yngri og eldri sjóðfélaga og sjóðurinn er óháður því hver aldursdreifing sjóðfélaga er og hversu mikil nýliðun er. Flestir íslenskir sjóðir eru með jafna réttindaávinnslu sem í reynd felur í sér færslu á réttindum frá yngri sjóðfélögum til þeirra eldri. Sjóðirnir geta því lent í miklum vanda ef hægir á nýliðun.

Hagstæð sjóðfélagalán: Frá upphafi var eitt meginmarkmið sjóðsins að veita félögum sínum hagstæð fasteignalán. Frá árinu 1986 hafa sjóðfélagalán borið 3,5% raunvexti, mun lægri en lán annarra lífeyrissjóða.

Sjóðfélagalýðræði: Sjóðfélagar einir kjósa stjórnina. Allir sjóðfélagar hafa kjörgengi og atkvæðisrétt á aðalfundi. Í flestum öðrum sjóðum er stjórnarsætum skipt jafnt milli fulltrúa stéttarfélaga og fulltrúa vinnuveitenda og sjóðfélagar taka ekki beinan þátt í valinu.

29. september 2004

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri (stefan@lifsverk.is)